

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

---

 Þriðjudaginn 26. janúar 1971.

Nr. 227/1970. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
 gegn  
**Bjarna Kristjánssyni og Vilhjálm**  
**Lúðvíkssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Þóknun matsmanna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kærú 13. nóvember 1970, sem barst Hæstarétti 30. desember s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 12. október 1970, þar sem þóknun varnaraðilja fyrir matsstörf var ákveðin kr. 150.000.00 til hvors þeirra. Sóknaraðili fékk eigi vitneskju um hinn kærða úrskurð fyrr en í nóvemberbyrjun 1970. Krefst sóknaraðili verulegrar lækkunar þessarar fjárhæðar og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar, sem eigi hafa gagnkært, gera þær dómkröfur, að reikningur þeirra um matsþóknun, kr. 225.000.00 til hvors þeirra, verði tekinn til greina að fullu. Þá krefjast þeir og hvor 8% ársvaxta af kr. 165.000.00 frá 1. janúar 1970 til greiðsludags. Loks gera þeir kröfu um kærumálskostnað úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann, en rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1970.

Hinn 26. júní 1969 óskaði Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður f. h. fjármálaráðuneytisins þess, að yfirborgardómariinn í Reykjavík dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að skoða og meta vélar og tæki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, athuga og gera álitserð um núverandi ástand þeirra, sérstaklega miðað við nútíma tækniröfur, svo og að gera að álitum, að hve miklu leyti þær geti talizt hæfar til frambúðarvinnslu og þá til hve langs tíma og loks önnur atriði, sem mats- og skoðunarmenn teldu máli skipta.

Á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 27. s. m. dómkvaddi Magnús Thoroddsen borgardómari þá Bjarna Kristjánsson vélaverkfræðing og dr. Vilhjálmm Lúðvíksson efnaverkfræðing til að framkvæma hina umbeðnu matsgerð.

Matsmenn skiluðu ítarlegri matsgerð hinn 30. október 1969. Niðurstöður þeirrar matsgerðar eru svohljóðandi:

„Niðurstöður mats á vélum og búnaði Áburðarverksmiðjunnar h/f miðað við 1. júlí 1969.

Verksm.hluti	Endurbygg- kostn. 1969	Ástands- stuðull	Hagkv.- stuðull	Mat
Vegir, girðing, hlið . . . .	3.085	0,95	1	2.930
Vatnsleiðsla . . . . .	28.183	0,75	1	21.100
Frárennsli . . . . .	1.835	0,5	1	918
Rafkerfi . . . . .	61.773	0,7	0,8	34.600
Háspennulína . . . . .	8.618	0,8	1	6.890
Vetnisverksm.vélar . . . .	285.796	0,1	0,8	22.850
Köfnunarefnisvélar . . . .	36.352	0,5	0,8	14.500
Ammoníaksvélar . . . . .	137.444	0,4	0,8	44.000
Saltpéturskýruvélar . . . .	94.970	0,5	0,8	37.950
Saltpétursvélar . . . . .	64.486	0,5	0,1	3.224
Vetnis- og köfn.geymar . .	43.487	0,6	1	26.050
Ammoníaks- og sýrugeymar	19.736	0,3	1	5.900
Bryggja . . . . .	19.726	0,4	1	7.880
Leirnámsvélar . . . . .	5.350		0	
Bamagvélar . . . . .	8.280	0		
Vélar til toppaframleiðslu	6.930		0	
Súrefnisþjappa og hylki .	1.687	0		
Ýmiss búnaður . . . . .	31.000	0,40	1	12.400
Ammoníaksgeymir (kúla)	19.000	0,90	1	17.100

Verksm.hluti	Endurbygg- kostn. 1969	Ástands- stuðull	Hagkv.- stuðull	Mat
Ammoníakofn . . . . .	12.800	1,00	1	12.800
Sekkjunartæki . . . . .	3.570	0,70	1	2.500
Uppskipunartæki . . . . .	3.540	0,70	1	2.500
Súrefnistæki . . . . .	3.778	0,9	1	3.400
Kornunarvélar . . . . .	38.000		0	
Fjárfest. í nýja rafgreina	11.000	1	1	11.000
	Alls 951.026			290.000“.

Matsbeiðandi gat ekki sætt sig við niðurstöður þessarar matsgerðar, og með bréfi frá lögmanni hans, dags. 3. nóvember 1969, til matsmanna mótmælir hann hinum tölulegu niðurstöðum matsgerðarinnar sem allt of háum. Síðan segir svo í þessu bréfi:

„Sérstaklega verður „hagkvæmnisstuðull“ matsins að teljast of hátt ákveðinn, miðað við nútíma kröfur til slíkrar starfrækslu, og að því athuguðu, að alls engin vissa er fyrir því, að það muni yfirlétt þykja rétt eða hagkvæmt að starfrækja verksmiðju þessa í framtíðinni með slíkum útbúnaði og fyrirkomulagi og miðað við þær aðstæður, er fyrir liggja eða upp kunna að koma. Mun það fyllilega koma til athugunar með tilliti til aðstöðu okkar um tilbúinn áburð erlendis frá að leggja verksmiðjuna niður. Að minnsta kosti verður að hafa þann möguleika í huga, áður en endanlega er gengið frá umræddri matsgjörð.

Samkvæmt þessu og til staðfestingar því, sem munnlega hefur verið farið fram á, vil ég hér með beiðast þess, að matsmenn áætli eða meti sérstaklega hugsanlegt söluverð/kaupverð vélanna í núverandi ástandi, ef talið yrði, að kaupandi myndi fáanlegur, eða „niðurlagsverð“ þeirra að öðrum kosti. Verði matsliður þessi síðan hluti af matsgerðinni, eins og frá henni verður gengið í endanlegu formi . . .“.

Af þessu tilefni tóku matsmenn til starfa á ný við matið og skilufu viðbótarmati hinn 11. desember 1969. Niðurstöður þess mats hljóða svo:

„4. Niðurstöður.

Á meðfylgjandi töflu er gefið yfirlit um hámarksgreiðsluþol Áburðarverksmiðjunnar, sem fengið er samkvæmt rekstraráætlun verksmiðjunnar fyrir tímabilið 1969—1980. Þar sem árlegt greiðsluþol er nokkuð jafnt yfir tímabilið, getum við tekið meðalgreiðsluþol árána, sem er 38,8 millj. króna án varasjóðstillags,

en 28,8 milljónir, ef lagt er í varasjóð. Gert er ráð fyrir, að þetta greiðsluþol sé það hámark, sem Áburðarverksmiðja ríkisins geti borgað af matsverði eigna Áburðarverksmiðjunnar h/f, svo rekstur verði hallalaus. Reiknað er með jöfnum árlegum greiðslum yfir tímabilið.

Ef þessar árlegu jöfnu greiðslur eru allar færðar til verðgildis ársins 1969 og reiknað með 8,5% vöxtum, þá ákvarðast hámarksverðmæti verksmiðjunnar eins og sýnt er á mynd 1 (án varasjóðstillags) og mynd 2 (með varasjóðstillagi). Á línuritunum er hámarksverðið sýnt með breytistærð af orkuverði (í mills/kWh) og þeim árafjöldi ( $n$ ), sem fyrirtækinu er ætlað að þola greiðslur fyrir eignir Áburðarverksmiðjunnar h/f. Hámarksverðmæti verksmiðjunnar 1969 er reiknað eftir vaxtaformúlunni:

$$h = a \frac{1}{r} (1 + r)^{-n}.$$

Í jöfnunni tákna  $h$  hámarksverðið,  $a$  tákna hinar jöfnu greiðslur,  $r$  tákna rentufótinn, sem er 8½% ( $r = 0.085$ ), og  $n$  tákna árafjöldann, sem greiðslur eru látnar fara fram á og er hér látinn ná yfir 8—15 ár. Hinar jöfnu afborganir má líta á sem mismun á rekstrarafgangi með gefins raforku (72 milljónir án varasjóðstilleggs, 62 milljónir með varasjóðstilleggi) og raforkukostnaði, sem tákna má með 13,30, þar sem  $C$  tákna orkuverð í U.S. mills/kWh. Líkinguna má þá skrifa á eftirfarandi hátt:

$$h \text{ (án varasjóðstilleggs)} = (72,0 - 13,3c) \frac{1}{0,085} (1 - (1,085)^{-n})$$

og

$$h \text{ (með varasjóðstilleggi)} = (62,0 - 13,3c) \frac{1}{0,085} (1 - (1,085)^{-n}).$$

Hámarksverðið er reiknað fyrir fimm mismunandi orkuverð frá 1,5 mills/kWh upp í 3,5 mills/kWh.

Eftir því hvaða orkuverð er tekið og hve langur greiðslutími er hafður, er hámarksverðið mjög breytilegt. Fyrir hæsta orkuverðið, 3,5 mills/kWh, og stytsta greiðslutímann (8 ár) er hámarksverðið 144 (87,5) milljónir króna. Fyrir lægsta orkuverðið (1,5 mills/kWh) og lengsta greiðslutímann (15 ár) er hámarksverðið hæst 432 (350) milljónir króna. Ef hins vegar eru teknar þær tölur fyrir orkuverð og afskriftatíma, sem gert er ráð fyrir í áætlunum fyrirtækisins, er hámarksverðmætið 311 (231) milljónir króna. Tölur innan sviga gilda, ef varasjóðstillag er dregið frá.

Þetta síðasta verð teljum við undirritaðir það hámarksverð, sem réttlætanlegt sé að gefa fyrir Áburðarverksmiðjuna h/f í heild sinni, þegar eignir hennar og skuldir eru yfirteknar af ríkissjóði“.

Fyrir matsstörf sín hafa matsmenn áskilið sér samtals kr. 450.000.00 í þóknun, er skiptist þannig:

Fyrir matið frá 30. október 1969 . . . .	kr. 400.000.00
Fyrir viðbótarmatið . . . . .	— 50.000.00

---

Kr. 450.000.00

Matsbeiðandi hefur samtals greitt matsmönnum kr. 120.000.00 í þóknun, þ. e. kr. 60.000.00 til hvors fyrir matsstarfann, en neitað frekari greiðslu og krafizt þess, að matsdómari úrskurðaði matsmönnum þóknun fyrir matsstarfann, sbr. 141. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómkröfur matsbeiðanda eru aðallega þær, að reikningarnir teljist þegar fullgreiddir, en til vara, að fjárhæð þeirra verði lækkuð verulega eftir nánari ákvörðun matsdómara.

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og skýrt svo frá, að þeir hafi ekki tekið niður hjá sér nákvæmlega tíma þann, sem farið hafi til matsstarfans. Hins vegar gízkudu þeir á, að til verksins hafi farið um það bil 200 vinnustundir hjá hvorum þeirra. Matsmenn tóku fram, að þegar þeir hafi ákvarðað sér þóknun fyrir matið frá 30. október 1969, þá hafi þeir haft til hliðsjónar reglur um matsþóknun verkfræðinga í Vestur-Þýzkalandi. Hafi þeir deilt í þóknun samkvæmt þessum reglum með u. þ. b. 4 vegna mismunar á launum verkfræðinga hér á landi og erlendis. Þóknun fyrir viðbótarmatsgerðina frá 11. desember 1969 kváðust þeir hins vegar hafa reiknað sér á grundvelli tímagerðarskrár Verkfræðingafélags Íslands, þar sem í því viðbótarmati hafi fremur verið um hagfræðilegar bollaleggingar að ræða heldur en verkfræðilegt mat.

Lögmaður matsbeiðanda hefur mótmælt reikningsfjárhæðunum sem of háum, svo sem áður er að vikið. Sérstaklega hefur hann mótmælt hinni vestur-þýzku viðmiðun matsmannanna við ákvörðun matsþóknunar sér til handa. Benti lögmaðurinn á það, að aðalmatsgerðin frá 30. október 1969 hafi ekki komið að því haldi, sem vera skyldi, þar sem hún hafi að verulegu leyti verið byggð á röngum forsendum. Þá taldi lögmaður matsbeiðanda, að viðbótarmatið frá 11. desember 1969 hefði verið innfalið í dóm-

kvaðningunni frá 27. júní 1969 og falli þess vegna undir úrskurð-arvald dómara um þóknun.

Málið var tekið til úrskurðar um matsþóknun 7. þ. m.

Hafi matsbeiðandi talið, að matsmenn reistu mat sitt á röng-um forsendum, bar honum að snúa sér til matsdómara og fá úrskurð hans í því efni, sbr. 143. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Þetta gerði matsbeiðandi eigi og getur því ekki nú haldið uppi slíkri málsástæðu sem röksemd til lækkunar á þóknun til matsmanna fyrir matsstarfann.

Í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands eru eigi til sérstök ákvæði um þóknun til verkfræðinga fyrir matsstörf. Verður að fallast á það með matsbeiðanda, að við ákvörðun matsþóknunar í þessu máli verði eigi byggt á vestur-þýzkum reglum um þessi efni.

Við ákvörðun þóknunar þessarar þykir rétt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Í fyrsta lagi tíma þann, sem hinir sérfróðu matsmenn hafa ætlað á verkið, enda er sú áætlun sennileg og hefur eigi sætt sérstökum andmælum.

Í öðru lagi ber að hafa í huga, að hér var um óvenju umfangsmikið og vandasamt mat að ræða og algerlega sérstætt hér á landi.

Í þriðja lagi er höfð hliðsjón af verðmæti því, sem matið tók til. Þegar ofangreind atriði eru höfð í huga, telst hæfileg þóknun til hvors matsmanns vera kr. 150.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

#### Úrskurðarorð:

Matsmennirnir, Bjarni Kristjánsson vélaverkfræðingur og dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur, skulu hljóta kr. 150.000.00 í matsþóknun hvor í máli þessu.

---